

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 13. desember 2007 í máli nr. S-728/2007:

Ákærvaldið

(Erna Sigríður Sigurðardóttir ftr.)

gegn

Atla Erni Jenssyni

Mál þetta var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 1. nóvember s.l.

Mál þetta er höfðað með ákæru útgefni 31. ágúst s.l. á hendur Atla Erni Jenssyni, kt. 000000-0000, Stuðlabergi 112, Hafnarfirði, nú Laugavegi 161, Reykjavík fyrir eftirtalin brot:

I.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa laugardaginn 7. október 2006, í bifreiðinni JS-847, á Strandgötu í Hafnarfirði, haft í vörslum sínum 0,61 g af kókaíni sem lögreglan fann við leit á ákærða og 0,73 g af marihuana sem ákærði framvísaði og lögregla fann við leit í bifreiðinni.

ML.036-2006-12095.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 13, 1985 og lög nr. 68, 2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233, 2001, sbr. reglugerð nr. 848, 2002 og auglýsingu nr. 232, 2001 varðandi meðferð ákærða á kókaíni.

II.

Fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 23. nóvember 2006, í bifreiðinni VO-528, sem lagt hafði verði fyrir utan Smáralindina í Kópavogi, haft í vörslum sínum 0,64 g af hassi sem lögregla fann við líkamsleit á ákærða og 0,17 g af kókaíni sem lögregla fann við leit í bifreiðinni, á lögreglustöðinni í Kópavogi, Dalvegi 18.

ML.037-2006-10817.

Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr., laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 13, 1985 og lög nr. 68, 2001, og 2. gr., sbr. 1. mgr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233, 2001, sbr. reglugerð nr. 848, 2002 og auglýsingu nr. 232, 2001 varðandi meðferð ákærða á kókaíni.

III.

Fyrir nytjastuld og umferðarlagabrot, með því að hafa að morgni laugardagsins 17. febrúar 2007, tekið bifreiðina AR-022 af gerðinni Audi A6 í eigu Gilberts Grétars Sigurðssonar, kt.000000-0000, ófrjálsri hendi þar sem hún stóð fyrir utan íbúðarhúsnæðið að Tröllateig 10 í Mosfellsbæ, og ekið henni að Hagamel 18 í Reykjavík, þaðan ekið bifreiðinni austur Hringbraut og Miklabraut, svo óvarlega að hann ók niður girðingu á Miklubraut til móts við Rauðarárstíg í Reykjavík, auk þess sem ákærði var undir áhrifum amfetamíns og vímuefnisins MDMA við aksturinn, en þau efni eru ávana- og fíkniefni sem bönnuð eru á íslensku yfirráðasvæði og af þeim sökum telst ákærði hafa verið óhæfur til að stjórna ökutækinu örugglega.

ML. 007-2007-11295.

Telst þetta varða við 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956 og 1. mgr. 4. gr., 1., sbr. 2. mgr. 45. gr. a, sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987, sbr. 5. gr. laga nr. 66, 2006.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til sviptingar ökuréttar skv. 101. og 102. gr. nefndra umferðarlaga, sbr. 25. gr. laga nr. 44, 1993 og 18. gr. laga nr. 66, 2006, og jafnframt að framangreind fíkniefni sem hald var lagt á verði gerð upptæk, samkvæmt 6. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233, 2001."

Ákærður hefur viðurkennt brot þau sem lýst er í I. og II. lið ákæru og er ákærður dæmdur fyrir þau brot samkvæmt heimild í 125. gr. laga nr. 19/1991, án frekari sönnunarfærslu, en með játningu ákærða sem er í samræmi við rannsóknargögn er sannað og ákærður hefur gerst sekur um þargreind brot og með því gerst brotlegur við þau refsíákvæði sem tilgreind eru í ákæru varðandi þessa liði.

Ákærður neitaði sök um III. lið ákæru og hefur haldið uppi vörnum um þennan ákærulið.

Ákærður krefst aðallega sýknu af kröfum ákæruvaldsins varðandi þennan ákærulið, en vægustu refsingar vegna brotanna sem lýst er í I. og II. lið ákæru. Þá krefst hann þess, að sakarkostnaður í málinu þar á meðal hæfileg málsvarnarlaun til skipaðs verjanda hans Loga Guðbrandssonar hrl. verði greidd úr ríkissjóði, en verði sakfelling í málinu, er ekki gerð krafa um málsvarnarlaun til skipaðs verjanda.

I. Málavextir.

Laugardaginn 17. febrúar 2007 kl. 08:23 var óskað aðstoðar lögreglu vegna umferðararóhapps á Miklubraut gegnt Rauðarárstíg í Reykjavík. Þarna hafði ökutækjumnum AR-022 og IH-641 verið ekið austur Hringbraut og svo austur Miklubraut, en rétt austan við Hringbraut hafði bifreiðin AR-022 lent utan í bifreiðinni IH-641 og í framhaldi af því upp á umferðareyju, sem aðskilur akbrautir Miklubrautar og svo þar tekið niður girðingu á 36 metra kafla. Bifreiðin hafði svo farið yfir á öfugan vegarhelming og verið stöðvuð 103 metrum austan við þann stað, þar sem hún hafði farið upp á umferðareyjuna. Í bifreiðinni AR-022 höfðu verið þrír menn, en er lögreglan kom á staðinn voru í bifreiðinni ákærður Atli Örn og Ólafur Jón Eggertsson, kt. 000000-0000, sem voru handteknir vegna gruns um ölvun við akstur, en einnig var grunaður Sigurður Guðjónsson, kt. 000000-0000, sem farið hafði af vettvangi. Strax við frumrannsókn málsins varð þó ljóst, að ákærður hafði verið ökumaður bifreiðarinnar og misst stjórn á henni er hún lenti utan í bifreiðinni IH-641. Tekin voru blóð og þvagsýni úr ákærða sem og Ólafi Jóni og Sigurði Guðjónssyni.

Í blóðsýni því, sem tekið var úr ákærða fannst ekkert alkóhól við alkóhólrannsókn með gasgreiningu á súlu. Hluti af blóðsýninu var og sent til rannsóknarstofu í lyfja og eiturefnafræði til efnagreiningar og mældust 20 ng/ml af amfetamíni og 315 ng/ml af MDMA og eru niðurstöður Jakobs Kristinssonar dósent og Guðlaugar Þórisdóttur læknis þessar í framlagðri matsgerð.

"Amfetamín og MDMA eru ávana- og fíkniefni með örvandi verkun á miðtaugakerfi. Heimilt er að nota amfetamín sem lyf. Styrkur amfetamíns í blóði var eins og eftir lága lækningalega skammta.

"Amfetamín og MDMA eru í flokki ávana- og fíkniefna, sem óheimil eru á íslensku forráðasvæði. Ökumaður telst því hafa verið óhæfur til þess að stjórna ökutæki örugglega þegar blóð- og þvagsýnin voru tekin, sbr. grr. 45 a í umferðarlögum nr. 50/1987 m. breytingum."

Ákærður hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni HR-022 eftir að hafa neytt lítillar töflu, sem trúlega hafi verið E-tafla kvöldið áður. Hann hafði ekið bifreiðinni frá Tröllateig 10, Mosfellsbæ og ætlað heim til sín, en þá hafði kunningi hans Ólafur Jón Eggertsson hringt í hann og beðið hann að sækja sig að Hagamel

18, Reykjavík og hafði ákærður ekið þangað og tekið Ólaf þar í bifreiðina og hafði Sigurður Guðjónsson, sem þar var og fengið far og var ætlunin að fara með þá í verslunina Select á Vesturlandsvegi og svo aka Ólafi heim, en Sigurði aftur að Hagamel 18. Ákærður kvaðst hafa ekið bifreiðinni á tæplega 100 km hraða m/v klst. og er hann ók eftir aflíðandi beygju er komið er af Hringbraut á Miklubraut hafði hann litið skamma stund af veginum og er hann leit upp aftur, sá hann að hann hafði ekki fylgt beygjuni og farið af hægri akrein yfir á vinstri akrein og upp á vegkant með vinstra framhjólíð og þá misst stjórn á bifreiðinni og hún lent á grindverki þarna. Hann hafði ekki orðið þess var að hafa áður ekið á hægra framhorn bifreiðarinnar LH-641.

Eigandi bifreiðarinnar AR-022 var Gilbert Grétar Sigurðsson, kt. 000000-0000 með lögheimili að Grundargötu 76, Grundarfirði og var ákærður að aka frá aðsetri hans að Tröllateig 10, Mosfellsbæ. Ákærður hafði ekið bifreiðinni kvöldið áður fyrir Gilbert, þar sem hann hafði drukkið bjór og svo ekið honum að Tröllateig 10, Mosfellsbæ og verið með lyklana í vasanum eftir þann akstur. Fram kom að hann hafði áður fengið bifreiðina lánaða hjá Gilbert og eftir nokkra dvöl hjá Gilbert hafði hann kvatt hann og haldið heimleiðis á bifreiðinni AR-022, en þeir Gilbert hafi ætlað að hittast daginn eftir og haldið sér heimilt miðað við það sem á undan var gengið að hann færi á bifreiðinni, en hann hafi ekki fengið formlegt leyfi frá Gilbert.

Í vitnisburði Gilberts Sigurðssonar kemur fram, að ákærður hafi verið að aka bifreiðinni fyrir hann framangreint kvöld og hann hafi margoft lánað honum bifreiðina. Hann kvað það geta verið að ákærður hafi misskilið það svo, að hann mætti fara á bifreiðinni heim, en til hafi staðið að þeir hittust daginn eftir. Hins vegar hafði hann ekki heimilað honum að taka bifreiðina í greint sinn og kvaðst hann ekki myndi hafa samþykkt það.

II. Niðurstaða.

Ljóst er, að ákærður ók bifreiðinni HR-022 þá leið sem greinir og það gáleysislega, að hann ók á girðingu á Miklubraut og olli tjóni á henni og bifreiðinni og hefur hann því gerst brotlegur við 1. mgr. 4. gr. umferðarlaga. Ákærður hafði ekki formlegt leyfi eiganda bifreiðarinnar og verður því að telja um heimildarlausu notkun hennar hafi verið að ræða, en þegar virtur er vitnisburður Gilberts, aðstæður í sambandi við greindan akstur og það sem fyrir liggur um fyrri samskipti þeirra um notkun ákærða á bifreiðinni verður verknaður ákærða felldur undir niðurlag 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga. Kemur þá til álita, hvort ákærður hafi unnið til refsingar og sviptingar ökuréttar vegna aksturs undir áhrifum fiknefna..

Í matsgerð Jakobs Kristinssonar dósent kemur fram að í blóði ákærða hafi mælst 20 ng/ml af amfetamíni og 315 ng/ml af MDMA. Það er rétt sem að ákærður heldur að amfetamín sér, án forskeytis er ekki á lista um ólögleg fíkniefni í 6. gr. laga nr. 65/1974, sbr. lög nr. 68/2001, en hins vegar er MDMA á listanum og verður því talið að 1. mgr. 45. gr. a umferðarlaga geti hér átt við. Í vætti Jakobs kemur fram, að magn amfetamíns í blóði ákærða hafi verið í það litlu magni að það geti ekki hafa haft áhrif á aksturshæfni ákærða og svo lítið sé vitað um áhrif MDMA og ógerningur sé að segja til um áhrif af neyslu efnisins á akstur ákærða. Að þessu athuguðu verður að sýkna ákærða af broti á 1. mgr. 45. gr. a umferðarlaga. Ákvæði 2. mgr. 45. gr. a umferðarlaga gengur þvert á ákvæði 1. mgr. greinarinnar og er ekki nothæf, sem refsheimild um akstur undir áhrifum áfengis vímuefna, þar sem áhrifin eru frumeðli brotsins. Til þess þyrfti að felast í málsgreininni einhver viðmiðun eða mælikvarði byggður á vísindalegum rannsóknum, sem segi til um að ákveðið magn ákveðinna fíkniefna sem finnast í blóði eða þvagi hlutaðeigandi manns og leiði til þess, að hæfni hans til aksturs sé verulega skert og verði þá hlutaðeigandi að hlíta refsingu eða sviptingu ökuréttar miðað við magn fíkniefnanna sem mældust, þ.e. samsvörun sé milli neyslu og áhrifa.

Að miða refsineymi verknaðar við brot á lögum nr. 65/1974 án þess að taka tillit til þess, hvort skilyrði eru uppfyllt um meginatriði 45. gr. og 45. gr. a um að vímuáhrifin verði að skerða eða vera líkleg til að skerða aksturshæfnina stenst ekki og leiðir óhjákvæmilega til ólöglegrar mismununar um sönnunarfærslu.

Ákærður er því sýknaður af kröfum ákæruvaldsins um akstur undir áhrifum amfetamíns og vímuefnisins MDMA.

Samkvæmt þessu verður ákærða ekki gerð refsing né hann sviptur ökurétti fyrir brot á 45. gr. a umferðarlaga.

Refsing ákærða þykir að öðru leyti hæfilega ákveðin 160.000 krónur í sekt og komi 12 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4ra vikna.

Dæma ber að sakarkostnaður að fjárhæð 89.715 krónur og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda ákærða Loga Guðbrandssonar hrl. að fjárhæð 91.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti greiðist úr ríkissjóði. Dráttur dómsuppsögu er vegna anna dómars.

Dóm þennan kveður upp Guðmundur L. Jóhannesson, héraðsdómari.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti Erna S. Sigurðardóttir, fulltrúi lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu málið.

DÓMSORÐ

Ákærður er sýkn af refsikröfum ákæruvaldsins vegna brots á 45. gr. a umferðarlaga.

Ákærður greiði 160.000 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi 12 daga fangelsi í stað sektarinnar verði hún eigi greidd innan 4ra vikna.

Sakarkostnaður að fjárhæð 180.715 krónur þar af málsvarnarlaun til skipaðs verjanda Loga Guðbrandssonar hæstaréttarlögmanns 91.000 krónur að meðtöldum virðisauka-skatti greiðist úr ríkissjóði.

Guðmundur L. Jóhannesson

Rétt endurrit staðfesti.

Héraðsdómi Reykjaness 13.12.2007.